

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Bankavextir, dráttarvextir og almennir vextir af peningakröfum

Tilgangur

Hagtölur um vexti inn- og útlána banka og sparisjóða til að fylgjast með þróun vaxta hjá lánastofnunum hér á landi.

Ákvörðun almennra vaxta af peningakröfum í samræmi við [ákvæði 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001](#) og [dráttarvaxta skv. 6. gr. sömu laga](#) sem birtir eru mánaðarlega í [Lögbirtingablaði skv. 10. gr. laganna](#).

Heimildir

Skýrslur um vexti berast frá bönkum og sparisjóðum til Seðlabanka Íslands þrisvar í mánuði.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli 29. gr. VI. kafla [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001](#) og 10. gr. í V. kafla [laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001](#).

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Almennir vextir eru þeir vextir sem bjóðast almenningi og fyrirtækjum á almennum lánamarkaði hjá innlendum lánastofnunum.

Peningakröfur eru fjármunir sem lánaðir eru af lánveitanda og lántaka ber að endurgreiða með vöxtum frá og með stofndegi kröfunnar fram að gjalddaga.

Dráttarvextir eru vextir af ógreiddri peningakröfu sem reiknast frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi hafi krafa ekki verið greidd fyrir eindaga. Dráttarvextir reiknast sem

dagvextir nema ef á annan hátt sé sérstaklega mælt fyrir um í lögum. Ef ekki er samið um gjalddaga er heimilt að reikna dráttarvexti á kröfu þegar einn mánuður er liðinn frá því að kröfuhafi sannarlega krafði skuldara með réttu um greiðslu.

Vextir af skaðabótakröfum eru vextir af bótaskyldu atviki og eru tveir þriðju hlutar vaxta af almennum peningakröfum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslíð [4. gr. laga nr. 38/2001](#).

3. Áreiðanleiki gagna

Bankar og sparisjóðir senda vaxtaskýrslur sínar til Seðlabanka Íslands þrisvar í mánuði. Gögnin eru yfirfarin og frekari upplýsinga óskað séu einhver frávik í innsendum gögnum eða ef annað misræmi kemur í ljós við yfirferð gagnanna. Úrvinnsla gagnanna fer fram í Gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands. Gögn úr vaxtaskýrslum banka og sparisjóða eru tekin saman og hæstu og lægstu vaxtagildi valinna útlánaforma eru birt mánaðarlega.

Fyrir lok hvers mánaðar ákveður Seðlabankinn vexti af peningakröfum með hliðsjón af lægstu vöxtum af óverðtryggðum og verðtryggðum útlánnum, [skv. 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001](#) sem taka gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar. Vextir af skaðabótakröfum eru reiknaðir sem tveir þriðju hlutar vaxta af peningakröfum, skv. ákvæðum 8 gr. vaxtalaganna.

Dráttarvextir sem ákvarðaðir eru af Seðlabanka Íslands gilda ef ekki er um annað samið. Grunnur dráttarvaxta er stýrivextir auk álags sbr. 6. gr. í III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

4. Endurskoðun gagna

Gögnin eru reglulega yfirfarin og leiðrétt komi í ljós að einhverju sé ábótavant. Að auki eru gögnin leiðrétt komi athugasemdir frá þeim bönkum og sparisjóðum sem senda inn vaxtagögn.

5. Birting

Vaxtagögn eru birt einu sinni í mánuði á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Vaxtagögn berast Seðlabankanum þrisvar í hverjum mánuði og eru meðalvextir mánaðar reiknaðir út frá þeim og birtir frá ársbyrjun 2003. Vextir af almennum peningakröfum eru birtir frá júlí 2001 og dráttarvextir frá apríl 1988 á [heimasíðu Seðlabanka Íslands](#).

6. Annað

Bankar og sparisjóðir sem skila vaxtaupplýsingum inn til Seðlabanka Ísland eru:

- Arion banki hf.
- Íslandsbanki hf.
- Landsbanki Íslands hf.
- MP banki hf.
- Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP) f.h. sparisjóðanna í landinu, (nema Sparisjóðs Austurlands hf.)
- Sparisjóður Austurlands hf.